

SKN-21	Menntaskólinn í Kópavogi Fundargerð Skólanefndar # 21 9. febrúar 2021	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2021		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 3		

Mættir: Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Steinþór Jónsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Guðný Karen Ólafsdóttir fulltrúi foreldra og Egill fulltrúi nemenda.
Forfallaðir: Flosi Eiríksson formaður skólanefndar.
Staður: N-101
Tími: Kl. 12:00-13:00 Dags.: 9. febrúar 2021

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Ársreikningar 2020 (fyrstu tölur) og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021 Magnea ritari skólanefndar setur fundinn í fjarveru Flosa kl. 12:12. MK er að kaupa hef skáp sem mun verða bókaður á árið 2020 þar sem það var inni fyrir fjárfestingum á því ári. Að öðru leyti er búið að bóka allar fjárfestingar ársins 2020. Viðbótarframlag fyrir árið 2020 barst frá ráðuneytinu sem gerir það að verkum að fjárhagsáætlun ársins 2021 gerir ráð fyrir að fjárhagsstaða skólans í lok árs verði í kringum 1% sem er mjög jákvætt miðað við fyrri horfur. Í farvatninu er endurskoðun á því hvernig uppbygging á verknámi verður hagað í samræmi við reglugerðarbreytingar sem eru framundan. Aðsóknin var til fyrirmyndar í bóknámið á síðasta ári og nú er forskráning hafin og eru vonir um að það haldist áfram. Því miður hefur verið ákveðið hrun í aðsókn í matvælagreinarnar og því er staðan á þeim í einhverri óvissu. Það hefur ekki verið til skoðunar að bjóða út mótuneytisþjónustu nemenda í stað þess að reka það innanhúss. Hins vegar hefur verið fjárfest í vigtum og stendur það til að nemendur greiði fyrir matinn eftir vigt til þess að koma í veg fyrir matarsóun. Þá hafa verið keyptar línur til að auka afköst mótuneytisins með sjálfsafgreiðslu nemenda.	MLF GEA	30 sek. 20 mín.

SKN-21	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2021		
Höfundur: MLF	Fundargerð Skólanefndar # 21	
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 3		
9. febrúar 2021		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2.	Endurbætur á námskrá skólans	GEA	18 mín.
	Opna brautin er of opin og það þarf að beina nemendum meira inn á afmarkaðri braut. Vinna hefur staðið yfir á vorönninni 2020 og átti að taka gildi haustið 2020 en ákveðið var að fara í nánari yfirferð fyrst. GEA sýnir fyrirhugaðar breytingar á brautum. Meginlínurnar eru að áfram verður raungreinabraut, viðskiptabraut, félagsfræðibraut og opna brautin verður þrengd þannig að nemendur þurfa að velja sér tvö svið til að dýpka sig í. Sameiginlegur kjarni verður til staðar sem allir fara í gegnum óháð braut, svo er bundið val og opið val. Bundna valið verður að tengjast brautinni. Allir fara í gegnum kynjafræði, umhverfisfræði og fjármálalæsi óháð braut. Fjallað hefur verið um breytingarnar á kennarafundum o.s.frv. Þá hafa gildi skólans verið tekin til endurskoðunar.		
3.	Gerð loftlagsstefnu og endurskoðun umhverfisstefnu	GEA	7 mín.
	Allar ríkisstofnanir verða að setja sér loftlagsstefnu á árinu 2021. MK hefur lagt áherslu á umhverfismál hingað til en loftlagsstefna krefst þess að skólinn setji sér mælanlega stefnu um að draga úr mengun. Stefnt er að því að stefnan verði tilbúin núna í vor. Helsta áskorun skólans er matarsóunin en allir kennarar matvætaskólans eru mjög meðvitaðir um þetta og reyna að koma til móts við það. Verið er að mæla hversu mikill matvælaúrgangurinn er og skólinn mun setja sér markmið um að minnka þann úrgang o.s.frv.		
4.	Niðurstaða stofnun ársins 2020	GEA	7 mín
	Niðurstaða könnunarinnar kom illa út. Stjórnendateymi skólans hefur verið að skoða hvað megi betur fara. Allir kennarar verða teknir í starfsmannaviðtöl. Þá er verið að móta samskiptasáttmála. Hvernig viljum við tala við hvert annað og um hvert annað. Hvernig tölum við við nemendur og hvernig tala nemendur við okkur. Vitum við til hvers er ætlast af okkur? Hafa starfslýsingar skýrari o.s.frv. Endurskoða samskiptamáta, þ.e. hvenær sé hentugt að hafa samskipti í gegnum tölvupóst og hvenær er þörf á öðrum leiðum.		
5.	Önnur mál		2 mín
	Stefnt er að því að hafa sveinsprófin í byrjun júní.		

SKN-21	Menntaskólinn í Kópavogi Fundargerð Skólanefndar # 21 9. febrúar 2021	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2021		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 3 af 3		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
6.	Fundi slitið: Ritari sleit fundi kl.13:07.		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026